

**Nd.** **460. Frumvarp til laga** [184. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögina bætist svo hljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árunum 1966—69, að báðum árum meðtöldum, skal greiða  $\frac{1}{2}\%$  viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðuneytisins í bréfi til nefndarinnar, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 31. marz 1966.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 26. þ. m., þar sem ráðuneytinu er send ályktun búnaðarþings 1966 um erindi stjórna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldi til Bændahallarinnar, með eindreginni ósk um, að ráðuneytið hlutist til um, að málið verði tekið fyrir til afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr.

Þar sem ekki verður auðið að standa undir útgjöldum af rekstri Bændahallarinnar, nema framlengd verði heimild til að greiða  $\frac{1}{2}\%$  gjald af söluvörum landbúnaðarins fram til ársins 1969, vill ráðuneytið óska þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis flytji frumvarp til laga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92 29. desember 1962, um stofnun búnaðarmálasjóðs, eins og stjórn Búnaðarfélags Íslands fer fram á.

Ingólfur Jónsson.

/Gunnl. E. Briem.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.“

Ályktun búnaðarþings fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í árslok 1965 hvíla á Bændahöllinni skuldir að upphæð 87 millj. kr., er sundurliðast sem hér segir:

Í Búnaðarbanka Íslands .....	kr. 48 000 000.00
Í Framkvæmdabanka Íslands .....	— 34 000 000.00
Lausaskuldir .....	— 5 000 000.00

Samtals kr. 87 000 000.00

Auk þess höfðu eignaraðilar, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, lagt fram kr. 46 876 910.30 og þar að auki lánað byggingunni kr. 1 950 000.00 umfram bankavaxtabréf, sem byggingin á að upphæð 4.7 millj. kr.

Rekstraráætlun Bændahallarinnar á árinu 1966 er sem hér segir:

#### Gjöld:

Af C.-láni I í Búnaðarbankanum, afborgun ...	kr. 2 923 077.00	
— sama í Búnaðarbankanum, vextir .....	— 3 871 250.00	
— C.-láni II í Búnaðarbankanum, afborgun ..	— 410 665.00	
— sama í Búnaðarbankanum, vextir .....	— 925 000.00	
		kr. 8 129 992.00
Af láni í Framkvæmdabanka Íslands, afborgun	kr. 3 076 920.00	
— sama í Framkvæmdabanka Íslands, vextir ..	— 2 615 385.00	
		— 5 692 305.00
Greitt af lausaskuldum .....	— 3 000 000.00	
Greiðslur til að ljúka sal á I. hæð .....	— 1 000 000.00	
Fasteignagjöld, tryggingar, viðhald húss o. fl. ....	— 1 500 000.00	
		— 5 000 000.00
		<u>Samtals kr. 19 322 297.00</u>

Tekjur:	
Af hótélrekstri, nettó .....	kr. 7 200 000.00
Aðrar leigutekjur af húsinu .....	— 2 300 000.00
Búnaðarmálasjóðsgjald af framleiðslu ársins 1965	— 7 000 000.00
Samtals	kr. 16 500 000.00
Greiðslumunur, vöntun .....	— 2 822 297.00
	kr. 19 322 297.00
Samtals	kr. 19 322 297.00

Vantar því rúmlega 2.8 millj. kr., til þess að Bændahöllin geti innt af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu 1966, og munu því lausaskuldir ekki geta lækkað sem því nemur á árinu.

Ef búnaðarmálasjóðsgjaldið til hússins héldi áfram næstu 4 árin, má gera ráð fyrir, að í lok þess tímabils hvíldu engar lausaskuldir á eigninni og þá yrðu árs-greiðslur af föstum skuldum farnar að lækka verulega að óbreyttu gengi. Einnig yrði þá búið að hækka húsaleigu til muna.

Áætlað er, að á árinu 1970 verði ársgreiðslur af föstum lánnum ..	kr. 11 660 000.00
Viðhald og gjöld af húsinu .....	— 1 500 000.00
Samtals	kr. 13 160 000.00

Áætlaðar tekjur af hótélrekstri .....	kr. 9 600 000.00
Húsaleiga .....	— 3 000 000.00
Samtals	kr. 12 600 000.00
Mismunur, halli .....	— 560 000.00
	kr. 13 160 000.00
Samtals	kr. 13 160 000.00

Af framangreindu yfirliti sést, að ekki er unnt að standa í skilum næstu 4 árin með vexti og afborganir af föstum lánnum, auk lausaskulda, sem á húsinu hvíla, nema gjaldið til búnaðarmálasjóðs verði framlengt til 4 ára.

Byggingarnefnd hússins og síðar stjórn þess og stjórnnum bændasamtakanna hefur ætíð verið ljóst, að ekki yrði unnt að greiða skuldirnar upp á þeim stutta tíma, sem lánin eru veitt til, þ. e. 13 árum, með 8—10% vöxtum, nema annað tveggja yrði gert, gjaldið til búnaðarmálasjóðs framlengt eða tekin ný lán til lengri tíma.

Því miður virðist enginn möguleiki á því að fá ný lán, og verður því ekki um annað að gera en að fá framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldinu.“

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.